

SVAR VIÐ FYRIRSPURN**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs**Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um meðalnámstíma barna í Birtu**

Á fundi borgarráðs, 1. desember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver sé meðalnámstími barna sem stunda nám í skólaúrræðinu Birtu. Óskað er upplýsinga frá 2019 þegar úrræðið var sett á laggirnar og að upplýsingar séu sundurliðaðar eftir árum. Stoðdeild Birtu, sem var fyrst staðsett við Álftamýrarskóla en hefur flust til Seljaskóla, er skólaúrræði fyrir börn í 3.-10. bekk sem eru í umsóknarferli fyrir alþjóðlega vernd á Íslandi. Samkvæmt starfsreglum stoðdeildarinnar eru börn að hámarki eitt skólaár í stoðdeild Birtu áður en börnin fara í hverfissskólana. Í ljósi fjölgunar á barnafjölskyldum til landsins í leit að alþjóðlegri vernd og meiri hraða á málsmeðferð óskar Flokkur fólksins þessara upplýsinga.

Svar:

Stoðdeild Birtu við Álftamýrarskóla er skólaúrræði fyrir börn í 3. – 10. bekk sem eru í umsóknarferli fyrir alþjóðlega vernd á Íslandi og hefur deildin verið starfrækt frá ágúst 2019. Samkvæmt starfsreglum stoðdeildarinnar eru börn að hámarki eitt skólaár í stoðdeild Birtu og er skýrt verklag um yfirfærslu yfir í almennan bekk grunnskóla og/eða framhaldsskóla þegar það á við. Hér að neðan er tilgreindur fjöldi mánaða hve lengi börn dvöldu í stoðdeild Birtu en það er allt frá einum mánuði uppí 9 mánuði. Í þeim tilfellum sem börn voru heilt ár í stoðdeild Birtu og fluttust yfir almennan hverfissskóla, tók allt að eitt ár að vinna umsókn þeirra hjá Útlendingastofnun. Almennt voru börn ekki í þjónustu umsækjenda um alþjóðlega vernd í Reykjavík lengur en 12 – 13 mánuði.

	2019	2020	2021	2022
1 mánuð		1		1
2 mánuði		7	2	
3 mánuði		8		2
4 mánuði		11	1	5
5 mánuði		3		
6 mánuði	3	2		3
7 mánuði				
8 mánuði	5		3	
9 mánuði	4		15	